



Akraneskaupstaður
bt. bæjarstjórnar
Stillholt 16-18
300 Akranes

Akranesi, 17. nóvember 2016
1609012 SPH/hs

Efni: Deilisk. Skógarhverfi 2. áf. - Akralundur 4

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs Akraness, sem haldinn var þann 14. 11.2016, var fjallað um niðurstöðu grenndarkynningar vegna Akralundar 4.

Hagaflöt ehf. óskaði eftir að lengja byggingarreit á fjöleignahúsalóðinni nr. 4 við Akralund um 1,5m í átt að lóð nr. 2 við Akralund. Skipulags- og umhverfisráð samþykkti á fundi 5.9. sl.að grenndarkynna breytinguna í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. Grenndarkynnt var fyrir lóðarhafa Akralundar 2.

Neikvæð athugasemd dags. 21.10.2016 barst frá Vík lögmannsstofu fh. lóðarhafa Akralundar 2.

Teiknistofa Arkitekta lagði fram umsögn um athugasemdir lóðarhafa dags. 27.10.2016.

Bókun skipulags- og umhverfisráðs.

Rakel Óskarsdóttir vék af fundi undir þessum dagskrárlið.

Fyrir liggja framkomnar athugasemdir frá Vík lögmannsstofu f.h. lóðarhafa á Akralundi 2. Í ljósi athugasemda var leitað til Teiknistofu arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar en sú stofa stóð að gerð deiliskipulags við Skógarhverfi 2. áf á sínum tíma.

Skipulags- og umhverfisráð gerir umsögn Árna Ólafssonar arkitekts hjá Teiknistofu Arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar að sinni.

Meginniðurstaða umsagnar er að breytingin muni ekki hafa neikvæð áhrif á hús og aðstöðu á lóð nr. 2 við Akralund.



Akraneskaupstaður

Ráðið leggur því til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt samkvæmt 2. mgr. 43 gr. og 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. Deiliskipulagið sent Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

Sigurður Páll Harðarson,

sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs

Meðf.: Breyting á deiliskipulagi Skógarhverfis 2. áfanga vegna Akralundar 4
Bréf Eiríks S Svavarssonar hrl. LLM (Vík lögmansstofa)
Bréf Árna Ólafssonar arkitekts (Teiknistofa arkitekta)